

10. gr.

Verði sjóðurinn lagður niður skulu eignir hans renna til Háskólans á Akureyri.

11. gr.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðuneytis á skipulagsskrá þessari.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 26. júlí 1994.

F. h. r.

Ólafur W. Stefánsson.

Jón Thors.

REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð um vörubifreiðar og sendibifreiðar,
sem notaðar eru til leiguaksturs og takmarkanir á fjölda þeirra,
nr. 121/1990 með síðari breytingum.**

1. gr.

12. tl. 7. gr. orðist svo:

Á félagssvæði Vörubílstjórafélagsins Vals, sem er Akureyri, Eyjafjarðarsveit, Glæsi-
bæjar-, Öxnadals-, Skriðu- og Arnarneshreppur, allir í Eyjafjarðarsýslu. Hámarkstala er 20
vörubifreiðar.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum um leigubifreiðar, nr. 77/1989, stað-
festist hér með til að öðlast þegar gildi og birtast til eftirbreytni öllum þeim sem hlut
eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 25. júlí 1994.

Halldór Blöndal.

Helgi Jóhannesson.

AUGLÝSING

**um gildistöku ákvæða er leiða af samningnum
um Evrópska efnahagssvæðið vegna flugmála.**

1. gr.

Eftirtaldar EES-gerðir sem vísað er til í VI. kafla um almennt flug í XI. viðauka
samningsins um Evrópska Efnahagssvæðið, skulu öðlast gildi sem hér segir með þeim
breytingum og viðbótum sem leiðir af XIII. viðauka og bókun I við samninginn og öðrum
ákvæðum hans:

1. Eftirfarandi bætist við 63. lið:
 - Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3089/93 frá 29. október 1993 um breytingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2299/89 um starfsreglur fyrir notkun tölvufarskráningarkerfa.
2. Eftirfarandi bætist við 64. lið:
 - 64a. Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2408/92 frá 23. júlí 1992 um aðgang bandalagsflugfélaga að flugleiðum innan bandalagsins.
 - 64b. Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 95/93 frá 18. janúar 1993 um sameiginlegar reglur um úthlutun afgreiðslutíma á bandalagsflugvöllum.
3. Í stað 65. liðar komi eftirfarandi:
 65. Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2409/92 frá 23. júlí 1992 um fargjöld og farmgjöld í flugþjónustu.
4. Eftirfarandi nýir liðir komi aftan við 66. lið:
 - 66a. Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3922/91 frá 16. desember 1991 um samræmingu á tækniröfum og stjórnsýslumeðferð á sviði flugmála.
 - 66b. Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2407/92 frá 23. júlí 1992 um veitingu flugrekstrarleyfa til handa flugfélögum.
5. Eftirfarandi nýr liður komi aftan við 68. lið:
 - 68a. Tilskipun ráðsins 91/670/EBE frá 16. desember 1991 um gagnkvæma viðurkenningu á flugstarfaskírteinum.

2. gr.

Tilskipun ráðsins 93/65/EBE frá 19. júlí 1993 um skilgreiningu og notkun samhæfðra tækniforskrifta vegna kaupa á búnaði og kerfum fyrir flugumferðarþjónustu, gildir ekki fyrir Ísland.

3. gr.

Eftirfarandi EES-tilskipun sem vísað er til í VI. kafla um hávaða í XX. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, skal öðlast gildi sem hér segir, með þeim breytingum og viðbótum sem leiðir af XX. viðauka og bókun I við samninginn og öðrum ákvæðum hans:

Tilskipun ráðsins 92/14/EBE frá 2. mars 1992 um skorður við notkun flugvéla sem falla undir I. bindi, II. hluta, 2. kafla í 16. viðauka samþykktar um alþjóðaflugmál, 2. útg. (1988) (Stjtið. EB nr. L. 76, 23. 3. 1992, bls. 21), eins og hún var leiðrétt í Stjtið. EB nr. L 168, 23. 6.1992, bls. 30.

4. gr.

Gerðir samkvæmt 1. gr. eru birtar í bók 3 sérstakrar útgáfu EES-viðbætis við Stjórnartíðindi EB, bls. 517-553, sbr. lög nr. 91/1994.

5. gr.

Auglýsing þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum um loftferðir nr. 34/1964 með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Samgönguráðuneytið, 30. júní 1994.

Halldór Blöndal.

Ragnhildur Hjaltadóttir.